

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 1143 — 644. mál.

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um tekjuskatt árin 2008–2012.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti árin 2008–2012 á verðlagi hvers árs og færðar til verðlags 31. desember 2012?
2. Hver voru skattþrep til tekjuskatts í fjárhæðum talin árin 2008–2012 á verðlagi hvers árs og á verðlagi 31. desember 2012?
3. Hvernig skiptast heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti í hvert skattþrep árin 2008–2012 á verðlagi hvers árs og færðar til verðlags 31. desember 2012?

Svar við fyrirspurninni óskast sundurliðað eftir tekjuskatti á einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar.

Skriflegt svar óskast.